


GRUNNMYND LAGNAKJALLARA 1:100




GRUNNMYND 1:100


Samþykkt þann
28 JULI 2000
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson


**STÆRÐIR**

Hús:..........680.9m2

Hús:..........2798.2m3

Lóð:..........5014.5 m2

Nýtingarhlutfall:..........0.13

**BYGGINGARLÝSING**

Í húsinu verður starfræktur leikskóli. Byggingin saman-stendur af tveimur ílöngum húshlutum, annar með 15° þakhalla en hinn með 18°halla. Þar sem þeir koma saman myndast hágluggi sem veitir birtu inn í miðrými hússins.

Gengið er inn í húsið um tvo innganga.

Miðrýmið, fjölnotarýmið, nær eftir endilöngu húsinu, með bogadregnum vegg á aðra hlið og háum gluggum til enda.

Lægri byggingarhlutinn rúmar ýmis þjónusturými ásamt vistarverum starfsfólks .

Í hærri hlutanum eru fjórar heimastofur. Hver eining er leikstofa, sem hægt er að skipta í tvennt, auk hvíldarherbergis, snyrtingar og geymslu.

**Efnisval**

Burðarvirki er steinsteyptir veggir einangraðir að utan með 100 mm steinull rúmþyngd 80kg/m3 klæddir bárujárni . Hallandi timburþök eru einangruð með 200 mm þakull 30kg/m3 og klædd báruðum aluzink plötum. Veggir lægri húshlutans eru klæddir aluzink plötum, en veggir hærri hlutans rauðgulu lituðu bárujárni.

**Gluggar og útihurðir**

Gluggar og útihurðir eru úr timbri með lituðu áli að utan.
K-gler er í gluggum.

**Innveggir**

Innveggir aðrir en steyptir, eru gipsveggir (trefjagips) einangraðir en bogaveggurinn í miðjurými er klæddur lituðu bárujárni, báðum megin.

**Gólfefni**

Gólfefni er U+201Estone carpet" (eða steinflísar) í anddyrum, fataklefum, vagnageymslu, þvotta- og ræstiherbergi og eldhúsi. Linoleumdúkur er í öllum leikstofum, miðjurými og vistarverum starfsfólks.

**Loftaklæðningar**

Loftaklæðningar eru báraðar gataplötur og gipsplötur, að hluta til með hljóðísogi, hvítmálaðar.

**Innihurðir**

Innihurðir eru lakkmálaðar, en allir karmar eru úr ljósum við (beyki eða hlyn), glerhurðir eru í heimastofum.
Inngangar í heimastofur eru aðgreindir með litum, gulum, rauðum, grænum og bláum.

**Innréttingar**

Innréttingar eins og skilrúm, skápar og fatahengi eru úr ljósum við (beyki eða hlyn) og lakksprautuðum MDF plötum, fætur úr ryðfríu stáli.
Eldhúsborð og borð í þvotta- og ræstiklefa og listaskála, eru plastklæddar plötur og stálplötur þar sem við á. Fætur eru úr ryðfríum prófílrörum.

**Loftræsting**

Að mestum hluta er loftræst í gegnum opnanlega glugga.
Vélræn loftræsting er frá lokuðum snyrtingum og eldhúsi, en þar er gufugleypir yfir þvottavél, eldavél og gufuofni.

**Brunamál**

Sett verður upp brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkendri vaktstöð. Útgöngu og neyðarlýsing kemur á rýmingarleiðir. Handslökvitækjum verður komið fyrir í samráði við eldvarnareftirlit. Allar klæðningar verða í flokki 1.

**Ferilmál**:

Fatlaðir eiga greiða leið frá bílastæðum að húsi og um það. Allar hurðir verða a.m.k. 900mm breiðar.

**Annað**:

Gert er ráð fyrir tveggja metra breiðum skriðkjallara (lagnarými) sem liggur langs undir heimastofum (við miðrými) og þvert yfir frá endum að útvegg austurhliðar.

**Skipulag lóðar**

Aðkoma að húsinu er að norðaverðu. Leikfangageymsla og sorptunnur eru fyrir innan bogagirðinguna að austanverðu en safnkassa er komið fyrir að vestanverðu.
Girðing er klædd rauðgulu lituðum bárujárns plötum beggja megin.
Leikfangageymsla úr timbri, veggir klæddir lituðum bárujárnsplötum að utan
.
Þak verður pappalagt og gólf hellulagt.

Undirlag leiksvæða er 40 cm þykkt lag af leiksvæðasandi sem uppfyllir skilyrði um fallundirlag. Þar sem leiktækjum er komið fyrir í stéttum eru gúmmíhellur lagðar innan öryggissvæðis.

Leiktæki uppfylli staðla og reglugerðir varðandi öryggi.

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | **Kríuás 2 Hafnarfirði** Leikskóli í Áslandi |
| Verkhluti: | Grunnmynd |
| Teikninúmer: | 2 af 5 |
| Mælikvarði: | 1:100 |
| Teiknað: | bbj |
| Yfirfarið: | |
| Samþykkt: | |
| Verknúmer: | 9947 |
| Dagsetning: | 18.07.2000 |
| Teiknislóð: | |


21.7.2000.
HEILBRIGÐISEFTIRLIT S
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 / 210 Garðabæ



ARK ÞING
BOLHOLT 8 -105 REYKJAVÍK
SÍMI: 551 0870 - FAX: 551 0875
arkthing@arkthing.is - www.arkthing.is

GUÐMUNDUR KR. GUÐMUNDSSON, ARKITEKT
ÓLAFUR SIGURÐSSON, ARKITEKT
SIGURÐUR HALLGRÍMSSON, ARKITEKT
HJÖRTUR PÁLSSON, BYGG.FR.
1605374269